

Móttaka nýrra nemenda

Í Hlíðarskóla er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum og reyna mynda tengsl strax í fyrstu heimsókn. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann.

Ef barn er í miklum vanda í sínum heimaskóla og ekki hefur tekist að vinna bug á þeim vandamálum með þeim úrræðum sem skólinn býr yfir að þá er farið að huga að umsókn í Hlíðarskóla. Yfirleitt byrja foreldrar á að koma í heimsókn og skoða aðstæður. Ef þeim lýst vel starfsemina og aðbúnað í skólanum að þá er farið í að sækja um fyrir nemandann.

Inntökunefnd Hlíðarskóla fer yfir allar umsóknir og úthlutar skólalássu út frá því hvar þörfin er mest og hvaða aldur hentar inn hverju sinni. Hjóti nemandi inngöngu í Hlíðarskóla sendir skólastjóri svarbréf í tölvupósti til forráðarmanna og tengilið þess skóla sem nemandinn kemur úr. Þegar búið er að senda svarbréfið á þá sem fá inngöngu í skólann að þá er byrjað á að hafa samband við forráðamenn til þess að finna hentugan tíma fyrir nemandann að koma og kíkja á aðstæður í Hlíðarskóla. Í slíkum heimsóknum er farið yfir helstu atriði t.d. stundatöflu skólans, helstu reglur og rútuhringinn.

Þegar sú heimsókn hefur farið fram er ákveðið hvenær fyrsti skóladagurinn í Hlíðarskóla fari fram.

Skólinn sér til þess að öll gögn um nemandann hafa borist skólanum áður en nemandi hefur skólagöngu svo skólinn sé eins vel stakk búinn að taka á móti nemandanum. Skólinn sér til þess að allur aðbúnaður sé til staðar svo nemandinn muni eiga ánægjulega og hnökralausa byrjun í skólanum.

Starfsfólk Hlíðarskóla kappkostar að mynda tengsl við nýja nemendur svo þeim finnist þeir velkomnir og eigi ánægjulega upplifun í skólanum.